

Heilablóðfall og slag

Í SÍÐASTA pistli hófst umræða um heitin **heilablóðfall** og **slag** og verður henni nú fram haldið. Tilefnið var tölvupóstur frá Alberti Páli Sigurðssyni, taugasjúkdómalækni, en síðan hafa Einar Már Valdimarsson, taugasjúkdómalæknir, og Runólfur Pálsson, lyflæknir, einnig lagt til umræðunnar. Undirritaður leitaði einnig uppi dæmi um notkun heitanna og orðu þau að lokum miklu fleiri en hægt er að greina frá í stuttum pistli.

Blóðfall

Ekki hafa fundist beinar heimildir um hvenær þetta orð var myndað eða hvernig það var upprunalega hugsað. Það er þó augljóslega mjög gamalt. Orðið er ekki að finna í Íslenskri orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar, en kemur fyrir í Lexicon poeticum Sveinbjarnar Egilssonar og er þar þýtt sem *blóðstraumur* (blodström), *blóðbylgja* (blodbølge), *blóð* (blod). Ritmálssafn Orðabókar Háskólans tilgreinir þýðingu Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu sem fyrstu heimildina, en hún er frá miðri 16. öld. Af þessum og öðrum tilgreindum heimildum má ráða að orðið **blóðfall** hafi upprunalega verið notað til að tákna blæðingar. Lækningabók Jónassens frá 1884 lýsir blóðfalli „að heilanum“ þannig: *Þessi sjúkdómur er í því fölginn, að æðar í heilanum springa, svo blóðpollur myndast innan í heilanum, eða smá blóðdílur eru innan um heilann, þegar blætt hefur úr hinum smágjörvustu æðum (háræðum); - - Þessi notkun á heitinu **heilablóðfall** bendir til að hugsunin að baki orðinu **blóðfall** hafi verið sú að þá falli blóð (eða blæði) út úr æðum, líffæri eða líkamanum, en ekki sú að blóðrás falli niður.*

Heilablóðfall

Heilablóðfalli er nú þannig lýst í Íðorðasafni lækna: *Heilkenni sem stafar af blæðingu í heilavef eða af lokun heilaæða af völdum blóðreks eða sega og einkennist af breytingu á meðvitund, krömpum og staðbundnum taugatruflunum.* Þessi lýsing er tilgreind undir uppflættiorðinu **cerebrovascular accident** og þar eru einnig skráð samheitin: *apoplexy, cerebral accident, cerebral apoplexy, cerebral hemorrhage, cerebral vascular accident, encephalorrhagia, episode, stroke.* Óformleg könnun undirritaðs meðal nokkurra leikmanna leiddi í ljós að menn vita ekki nákvæmlega hvað orðið **heilablóðfall** merkir, en að flestir gera ráð fyrir alvarlegu heilaáfalli af völdum blæðingar.

Slag

Læknisfræðilega heitið **slag** er bein þýðing á gríska heitinu **apoplexia** á sama hátt og enska heitið **stroke**. Forliðurinn **apo-** merkir *af, frá, burtu* eða *eftir*, miðhlutinn, **plex-**, er dreginn af grísku sögninni **plessein**, sem merkir *að slá*, og viðliðurinn **-ia** táknar *ástand*. Bein orðhlutaþýðing gefur til kynna sjúkdómsástand þar sem eitthvað er slegið af, frá eða í burtu. Úr verður ágætlega myndræn lýsing á líkamlegu áfalli, sem er svo skyndilegt að því má líkja við högg, og felst í því að vissir þættir í starfsemi miðtaugakerfis falla niður. Bent hefur verið á að orsakir geta verið fleiri en ein. Í Lækningabók handa sjómönnum frá 1967, sem læknarnir Benedikt Tómasson og Ólafur Jóhannsson tóku saman, er til dæmis kafli um **heilaslag** (apoplexy). Þar segir meðal annars: *Það er venjulega í því fölgandi, að æð stíflast eða springur í heilanum.* Íslensk læknisfræðiheiti Guðmundar Hannessonar frá 1954 gefa til kynna að heitið **slag** hafi fyrst og fremst verið notað um **heilaáfall** (heilaslag), en benda má á að Íslensk orðabók Eddu frá 2002 tilgreinir að orðið **slag** hafi einnig verið notað í merkingunni **hjartaáfall** (hjartaslag).

Skemmtileg tilvitnun frá síðari hluta 18. aldar kom fram í Orðabók Háskólans: *Slag (apoplexia), kallaz yfirhöfund öll þau síúkdóms tilfelli, er á augabragði firra menn öllum innvortis og útvortis sönsum.*

Niðurstaða

Í samræmi við hugmyndir fyrrnefndra lækna er hér með lagt til að íslenska heitið **slag** verði notað þar sem á ensku væru notuð heitin **stroke** eða **cerebrovascular accident**. Eftir nánari greiningu áfallsins má síðan nota annaðhvort heitanna **blæðingarslag** (hemorrhagic stroke) eða **blóðþurrðarslag** (ischemic stroke).

Targeted therapy

Helgi Sigurðsson, krabbameinslæknir, hafði samband og sagði ekki rétt eftir sér haft í síðasta pistli því hann notaði fyrst og fremst heitið **hnitmiðuð meðferð** um **targeted therapy**. Ari Jóhannesson, lyflæknir, spurði undirritaðan á förnum vegi hvort ekki mætti gera fleiri tilraunir til nýyrðasmíða og setti fram hugmyndina **hnituð meðferð**. Undirritaður ítrekaði við báða tillögu sína um að nota heitið **marksækin meðferð**. Því er ætlað að leggja áherslu á að sótt er að ákveðnu **marki** (target), svo sem sameind í tilteknum efnaskiptum eða viðtaka (receptor) á yfirborði frumu. Gaman væri að heyra frá fleirum sem telja sér málið skylt.



Jóhann Heiðar
Jóhannsson

johannhj@landspitali.is

Jóhann Heiðar er læknir
á Landspítala Hringbraut.